

Skútustaðahreppur
Guðrún María Valgeirsdóttir,
sveitarstjóri
Hlíðavegi 6
660



Reykjavík, 21. ágúst 2009
Tilvísun: UST20090700126/ksj


Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Breyting, byggðalína - Kröflulína 3

Vísað er til erindis Hreppsnefndar Skútustaðahrepps er barst 23. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007 – 2025 sem staðfest var 16. janúar 2008. Breytingin felst í færslu fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 frá Kröflu til austurs þannig að hún mun liggja nokkuð norðar en áður var gert ráð fyrir. Í greinargerð er fylgir uppdrætti sem sýnir breytt svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007 – 2025 kemur fram að ástæðan fyrir breytingunni er að draga muni úr sjónrænum áhrifum línumnar séð frá ferðaleiðum.

Í ofangreindri greinagerð kemur einnig fram að breytingin víki frá meginreglu svæðisskipulagsins um að leitast verði við að samþætta mannvirki og þeirri stefnu að háspennulínur liggi í meginatriðum meðfram eða í námunda við aðalvegi.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að farið sé að settum meginreglum svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007 – 2025 um lagnir háspennulína en gerir ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu á legu fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 frá Kröflu til austurs um Sandabotnaskarð enda um afmarkaðan línu kafla að ræða.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri